

MINNISBLAÐ „OPNI SKÓLINN“ HEILLASPOR

HVER ER HUGMYNDIN OG FERLIÐ

Seinni hluti



Flug - Flugáætlun Grundaskóla

Flug - Flugáætlun Grundaskóla

Nú er fyrstu tveimur verkþáttum, „heillaspor – Opni skóli“ Grundaskóla, lokið. Það eru „inngangur að verkefni og flugtak“ sem var unnið á starfsárunum 2020-2024. Um þessa þætti er nánar fjallað í fyrri hluta minnisblaðs skólastjóra **„Heillaspor Opni skólinn - HVER ER HUGMYNDIN OG FERLIÐ.“**


Í þessum seinni hluta er fjallað um þriðja þátt heildaráætlunar þessa stóra þróunarverkefnis í Grundaskóla þ.e. „Flug“ og það sem kallað hefur verið flugáætlun skólans. „Flug – Flugáætlun“ er lokaverkþátturinn og tekur til starfsársins 2025-2026 og vonandi til langrar framtíðar. Útfærsla þessa þriðja verkþáttar er mótuð af reynslu og vinnu starfsfólks Grundaskóla á fyrstu tveimur þáttunum. Markmiðið nú er að framkvæma og þróa frekar á vettvangi það sem hefur verið undirbúið á liðnum árum og að skólastarfið einkennist af þeim áherslum sem settar eru í stefnu skólans og námskrám. Í samræmi við það á allt starf skólans þ.m.t. stoðþjónusta Grundaskóla að byggjast upp á nýjum áherslum í anda inngildingar og nýrri menntastefnu.

Nú, haustið 2025 tekur skólinn formlega í notkun nýjar skólabyggingar sem munu styðja við þetta ferli. Við þá framkvæmd hafa skólastjórnendur horft sérstaklega til þeirra stefnumótunar sem hefur farið fram og endurbætt samhliða alla verkferla. Nýtt kennsluhúsnaði er allt hið fullkomnasta og heldur vel utan um bæði nemendur og starfsfólk. Markvisst hefur verið fjárfest s.s. í kennslubúnaði, kennslustofum og starfsfólki til að styrkja stöðu skólans. Stefnan er sem fyrr að þessar starfsaðstæður hafi áhrif á alla kennsluhætti skólans í framhaldinu.

Eitt er að byggja hús og í þeirri vinnu þarf að huga að mörgum ólíkum þáttum. Stundum er rætt um að „altæk hönnun“ sé hornsteinn byggingaframkvæmda. Í því samhengi er vísað til þess að altæk hönnun (*universal design*) er hugtak sem lýsir hönnunarstefnu þar sem bygging eru hönnuð þannig að sem flestir geti notað hana, óháð aldri, færni eða bakgrunni (Ronald Mace). Í raun er hugmyndin að hanna og hugsa allt frá byrjun þannig að það henti öllum. Þessi hugmyndafræði á ekki bara um byggingar heldur margt annað s.s. vörur, þjónustu og umhverfi.

„Flug og flugáætlun“ vísar til þess hvernig skólinn starfar. Ekki er nóg að byggja glæsileg húsakynni og tækjavæðast nýrri tækni. Hér má segja að hönnun ytra byrðis sé lokið, þ.e. varðar skólabygginguna sjálfa en uppbygging innra byrðis sé enn í vinnslu. Þar er vísað til uppbyggingar þess starfs sem fer fram í skólanum. Grunnhugmyndin er að sýn manna um altæka hönnun eigi einnig við skólastarfið sem fer fram í Grundaskóla. Að nemendur okkar geti allir stundað nám við skólann án þess að þurfa sérstakar aðlaganir eða sérlausnir (Meyer, A., Rse, D.H., Gordon, D.(2014) *Universal Design for Learning: Theory and practice*. CAST Professional Publishing).

Edda Óskarsdóttir hefur þýtt eftirfarandi skýringarmynd er varðar hönnun náms samkvæmt þessari hugmyndafræði.



(Mynd 1 - SAS)

Við getum sagt að flug skólans mótist af tveimur megin ásum. Annars vegar skýrri menntasýn. Stefnu sem er útfærð í starfinu bæði hvað varðar starfsskipulag sbr. uppröðun og einnig ráðningar starfsfólks o.fl. Seinni ásinn varðar fagmennsku okkar, kennsluhætti og alla faglega vinnu starfsfólks hvaða starfsheiti sem við gegnum í skólanum. Hvernig áhersla er lögð á samvinnuskipulag og teymishugsun í starfinu. Áhersla á markvissa endur- og símenntun til að mæta síbreytilegum aðstæðum. Samfélagsaðstæður eru alltaf að breytast og alltaf koma ný börn sem kalla á breyttar nálganir. Grundaskóli hefur innan sinna raða frábært starfsfólk sem myndar sterka liðsheild. Þessi liðsheild er hlutmengi í stærra samhengi en það er skólasamfélagið allt. Með þetta samhengi þarf að vinna, bæði hlutmengi og heildarmengi.

Flugþátturinn er yfirheiti yfir margar flugáætlanir sem taka mið af þeim aðstæðum sem eiga við hverju sinni. Öll börn hafa í raun sína ferðaáætlun en ekki bara þau sem hafa einhverjar greiningar eða glíma við einhverjar skráðar hindranir. Skólaganga hvers barns er þannig séð ferðalag. Við fáum öll fjölbreyttar áskoranir á lífleiddinni og sama á við skólagönguna.

Í flugáætlun er vísað til ferðaskipulags skólans sem við höfum undirbúið fyrir starfsemina þ.e. skólagönguna. Flugáætlun varðar margvíslegar ákvarðanir er marka ramma starfsins. Rammann sem skólastjórn setur í samræmi við menntastefnu og gildandi námskrár. Út frá umræddri flugáætlun skipuleggja kennarar og aðrir starfsmenn starfið með nemendum.

Í samræmi við þetta samhengi þá má líkja kennsluskipulagi einstaklinga sem ferðaáætlun en einnig má sjá fyrir sér ferðaskipulag fyrir einstakling eða fyrir samsetta hópa. Allir gera ferðaskipulag áður en lagt er í ferðalag. Í þessu ferðaskipulagi er horft til þeirra markmiða sem eru sett og mögulegra hindrana sem verða á leið okkar. Sumir elta veðrið meðan aðrir vilja heimsækja ákveðna staði o.s.frv. Þessu er eins farið í skólagöngunni. Stundum má verja lengri tíma í sum verkefni en önnur því þau skila nemandanum meiru eða jafnvel sleppa öðru því það er ekki vænlegt til árangurs. Þannig má segja að ferðalagið sjálft, lærdómur barnsins vegi þyngra en endanlegt markmið eða lokafurð. Ef ferðalagið er lærdómsríkt, spennandi og þroskandi þá skiptir kannski ekki öllu hvert er haldið á endanum.

Góður samstarfsmaður sagði mér eitt sinn frá því að hún ætlaði með nemendahóp í útikennslu og ferðinni var ætlað á Byggðasafnið Görðum. Hins vegar komst hún aldrei þangað því á leiðinni fundu börnin svo mikið af ánamaðk sem skriðið hafi upp á gangstéttar og göngustíga. Börnin voru uppnúmin af þessu og fundu í framhaldinu snigla o.fl. Til að gera langa sögu stutta þá breyttist markmiðið og úr varð mikil rannsóknarferð sem síðar varð uppspretta mikillar námsvinnu. Á góðu ferðalagi er svigrúm til að nýta tækifærin og sjá eitthvað nýtt og spennandi. Hið sama á við námsferðalagið því stundum koma upp í hendurnar á okkur tækifæri sem jafnvel verða aðalatriði þó í upphafi hafi skipulagið verið annað sbr. safnaferðina í sögunni hér á undan. Allt í kringum okkur eru óteljandi atriði sem nýta má til náms. T.d. getur eldgos verið uppspretta námstækifæra eða sólmyrkri svo eitthvað sé nefnt.

Í þekktum söngtexta segir; „Ég er eins og ég er, hvernig á ég að vera eitthvað annað?...“ Þetta á vel við því öll börn eru eins og þau eru og búa yfir endalausum hæfileikum sem eru fjölbreyttir. Þau hafa ólíkar langanir og þarfir á námsleiðinni. Sum börn eru bráðþroska eða frökk en aðrir jafnaldrar jafnvel feimin eða kvíðin. Til þessa höfum við notað hugtakið einstaklingsnámskrár í vinnunni. Slíkar námskrár byggja of oft á einhverjum greiningum eða meintum skerðingum. Vandamálin eru nemandans og viðbrögðin miðast of oft um að laga þennan meinta galla. Nú erum við að auka áhersluna á persónubundna námskrá. Munurinn liggur kannski helst í því að ÖLL börn þurfa sína aðlögun, ekki bara sum, sbr. áherslur Opna skólans. Skólinn er hluti af lífsferli okkar allra, ferðalagi sem mótar hvern einstakling fyrir lífstíð. Ferðaáætlunin vísar þannig til kennslufræðilegrar nálgunar og starfshátta skólans til að vinna með og að mæta mögulegum hindrunum viðkomandi ferðalanga. Meintar hindranir eru vel að merkja tengdar umhverfi nemandans, kennsluháttum, gögnum en ekki barninu sjálfu.

Við viljum leggja rækt við að hver nemandi Grundaskóla hugsi nám sitt og dvöl í skólanum sem spennandi ferðalag. Til að svo verði hafa margir fræðimenn bent og nokkur grunnatriði. Í aðferðarfræði okkar og kennslunálgun verður að gefa nemendum tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt. Í öðru lagi er mikil vægt að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og kröfur séu gerðar til þeirra miðað við aldur og stöðu. Í þriðja lagi hefur gefist vel að styðjast við leiðsagnarnám. Í fjórða lagi er mikilvægt að styðjast

við sveigjanlega kennsluhætti og fjölbreytta námsaðlögun (sbr. áherslur Opna skólans). Í fimmta og síðasta lagi er mikilvægt að nýta samfélagið og umhverfisaðstæður sem best.

Skólaskyldan, lög (nr 91/2008) og meðfylgjandi reglugerðir um skólalald vísa til þess að skólinn er fyrir nemendur til að þroskast og dafna hvert og eitt en ekki nemendur fyrir skólastofnunina. Þetta er kannski sjálfgefið en virðist stundum gleymast miðað við framkvæmdina þegar allir vinna sömu verkefni og í sömu röð.

Flugáætlun Grundaskóla inniheldur auk starfsskipulags margar ferðaáætlanir. Í raun eru ferðaplönin jafn mörg og börnin sem skólann sækja. Flugáætlun skólans er ætlað að halda utan um beinar aðgerðir og að kennslu- og starfshættir okkar samræmist stefnu annars vegar og starfsskipulagi hins vegar.

Þetta minnisblað er, líkt og það fyrra, tilraun skólastjóra til að draga saman efni fjölda funda, samræðna starfsfólks og ákvarðana um skólastarfið. Að reyna að teikna upp heildarmyndina þannig að allt skólasamfélagið geti áttað sig á hvert samhengið er og af hverju hlutirnir eru eins og þeir eru. Það er mikilvægt að stjórnendur gleymi sér ekki og missi jarðtenginguna við sitt fólk. Á fyrri stigum átti ég eitt sinn samtal við samstarfsmann minn sem kom til mín og sagði. „Eftir margar vikur og marga fundi um Opna skólann þá er ég fyrst að fatta núna hvað er verið tala um“... Þetta minnir okkur á að stefna og starfsskipulag skóla er ekki eins manns verk heldur sterkrar liðsheildar sem gengur í takt og mótar skólavinnuna saman. Virkt samtal starfsheildar um hvert við stefnum og um eigin fagmennsku í starfinu er mikilvægur hlekkur til að okkur farnist vel. Þetta minnisblað er, líkt og hið fyrra, framlag í þá umræðu innan og utan skólans.

Grundaskóli er einn fjölmennasti skóli landsins og því er mikilvægt fyrir alla að skrá niður upplýsingar og jafnframt hvað við erum að hugsa. Þetta höfum við gert á liðnum árum og ætlum að halda áfram á sömu braut. Það er ómetanlegt að starfsheildin starfi öll í takt og sameinist í sinni skólasýn. Ferlið er breytingaferli sem krefst tíma, hugrekki og staðfestu. Flug og flugáætlunin er því í senn og á margan hátt starfendarannsókn en um leið söguskráning á stöðu skólavinnu í framsæknum skóla.

Í flugáætlun Grundaskóla er gert ráð fyrir fjölmörgum aðgerðum:

Breytingar varðandi starfsskipulag:

- Stefnt er að því að haustið 2025 verði uppstokkun á röðun í skólann (Eindir, tvenndir, þrenndir) 1., 2.-4., 5.-6., 7.-8. 9.-10. bekkur. Árgangar og starfsheildir starfa í nýjum hópum með áherslum á nýja námskrá.
- Hver eind/tvennd/þrennd myndar eina starfsheild með sambærilegar áherslur og sérkenni m.v. aldur nemenda.

- Haustið 2025 mun 1. bekkur fara inn í nýtt ferli þar sem unnið verður markvisst með hópinn sem heild en ekki þrjá til fjóra bekki. Tæplega 70 nýnemar verða með Grundasel sem vinnusvæði þar sem áherslur í anda Opna skólans ættu að njóta sín.
- Segja má að hér sé um hugmynd að ræða sem við getum nefnt „skólabúðir“. Grundasel er húsnæði skólans sem annars er nýtt undir frístund skólans. Jafnframt er hugmyndin að reyna að samþætta betur starf skólans og frístundar með samþættum áherslu og vinnubrögðum sem stefnt er að undirbúa og afmarka á árinu 2025.
- Haustið 2025 tekur nýtt starfsskipulag gildi en á liðnum mánuðum hefur verið unnið að margvíslegum breytingum tengt ráðningum og uppstillingu í skólann. List- og verkgreinakennurum fjölgar t.a.m. verulega og nýjar námsgreinar koma inn. Í því sambandi má benda t.d. á uppbyggingu í eðlis-, efna- og náttúrufræði. Einnig verður algjör bylting hvað varðar aðstöðu til íþróttakennslu en nú fer hver árgangur saman í íþróttir en ekki skiptur eins og áður var.
- Sá möguleiki að vinna með skil leik- og grunnskóla verður tekinn til sérstakrar skoðunar.
- Markmiðið er að innleiða nýja starfshætti sem síðan munu fylgja þeim yfir í 2. bekk o.s.frv.
- Tilraun verði gerð til að rýmka starfssvið ákveðinna starfshópa sbr. hlutverk fagaðila eða almennra starfsmanna og áherslur á virka teymisvinnu.
- Við úthlutun kennslukvóta haustið 2025 verður sérstök úthlutun tengt notkun og nýtingu gervigreindar í skólastarfi. Starfsfólk fær ráðgjöf og fræðslu til að innleiða ný vinnubrögð tengt tækniþróunum í skólastarfi.

Stoðþjónusta verður þrepaskipt og áherslur í anda Opna skólans

- Að stoðþjónusta skólans einkennist eins og önnur kennsla á inngildandi starfsháttum þar sem allir nemendur standa jafnir gagnvart þjónustu og námsframvindu. Grunnforsendan er ÖLL börn. (Sjá nánar upplýsingar um þrepaskiptingu hér fyrir neðan).
- Biðlistar vegna greininga séu eins stuttir og mögulegt er.
- Markvisst unnið að því að þróa „skimun“ í öllum árgöngum og markviss lausnarleit og ráðgjöf við kennara, nemendur og foreldra sbr. „græna blaðið og vegvísi“. Í þessari vinnu er líkt og áður hefur komið fram unnið eftir hugmyndinni um að móta persónulegt ferðaskipulag. Að stuðla að aukinni námssnilli allra barna.

- Forvarnir einkenni starfshætti frekar en neyðaraðgerðir. Dæmi um slíka vinnu er úttekt talmeinafræðings á málprosa nemenda og samanburður tengt lestrarrannsóknunum. Áfram verður haldið á sömu braut og bætt í vinnuna.
- Að foreldrar, nemendur og umsjónarkennarar fái markvissa ráðgjöf í að skilgreina fyrirbyggjandi verkefni og hugsanlegar lausnir. Sérstök úthlutun kemur inn í þessa framkvæmd (Sbr. kennsluráðgjafa fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk).
- Áhersla sé á vinnu skólafólks á 1. stigi farsældar og að gildi grunnvinnu á 1. þrepi skólastarfs hafi vaxið. Að lausnar sé leitað í daglegri vinnu en ekki utan skólans eins og of algengt er sbr. biðlista í greiningar.
- Þrepaskipting stoðþjónustu mun kalla á nokkrar breytingar ekki síst hvað varðar vinnu fagaðila og stuðningsfulltrúa.
- Í haust verður tengiliðum skipt upp eftir eindum/tvenndum/þrenndum og mynduð beintenging inn í nemendaverndarráð.
- Nemendaverndarráð fær aukið hlutverk í innra starfi skólans. Jafnframt verður komið á fagaðilafundum og sérstakri fræðslu til almennra starfsmanna sbr. stuðningsfulltrúafundi. Fyrri fyrirkomulagi er varðar lausnar og ráðgjafateymi verður breytt og hlutverkið færast til Nemendaverndarráðs.
- Stoðþjónusta Grundaskóla byggist upp á fjölbreyttum stuttum námskeiðum sem eru opin fyrir ÖLLUM nemendum miðað við styrkleika þeirra og áhuga.
- Að Opni skólinn verði órjúfanlegur hluti af skólastarfi Grundaskóla. Starfshættir séu opnir og nái til allar hópa innan skólasamfélagsins. Í því sambandi má nefna valkerfi á öllum stigum.
- Virk teymisvinna er í öllum aldurshópum og vinnubrögð skólafólks samhæfð sbr. ein/tvennd og þrennd.
- Nýtt húsnæði sem verður formlega tekið í notkun haustið 2025 styðji við opna starfshætti. Miðsvæði skólans verður tekið undir vinnu í Opna skólanum og verður hjarta starfseminnar.
- Innleidd verða verkswæði sem ganga undir vinnuheitinu „Betri stofan“. Betri stofurnar eru EKKI námsver líkt og víða gerist heldur byggðar upp í anda Opna skólans. Nemendur eru „ekki sendir“ í betri stofurnar heldur eiga kost á að velja um ólíkar námsleiðir eða kennsluhætti.
- Grundaskóli verði áfram þekktur fyrir faglega og fjölbreytta skólavinnu þar sem áherslur í anda Opna skólans séu ríkjandi. Sérstakt átak verður hafið til að styrkja þróunarstarf meðal

starfsfólks. Tveir ráðgjafar munu sinna því verkefni meðal annars með stjórnendum og starfsfólki.

Sóknarfærin flokkast í fimm hluta

- Sóknarfæri skólans liggja einkum í fimm þeimum samkvæmt niðurstöðum úr vinnu í tveimur fyrstu hlutum þessa verkefnis. Það er : (1) Foreldrastarf, (2) skipulag, (3) skörp og ígrunduð stefna, (4) samþætting frístunda og skóla. Síðast en ekki síst er aukin (5) fagmennska lykil þáttur.

Í þessum verkþætti (Flug) er unnið eftir sk. flugáætlun. Flugætlunin vísar til margra þátta eins og á utan er rakið. Hún heldur þó utan um beinar aðgerðir skólans til að koma heildarstefnu í framkvæmd. Heildarplan sem auðveldar starfsfólki, nemendum og foreldrum að útfæra ferðaáætlanir hvers og eins svo áfram sé rætt í líkindamáli.

Hér er nánar skilgreind þau markmið sem skólinn hefur sett sér varðandi hvert þema eða sóknarfærin fimm. Þau markmið og aðgerðir felast m.a. í eftirfarandi:

Foreldrastarf:

- Breytingar gerðar á starfsskipulagi skólaráðs og foreldafélags. Umræða um stefnu og einstakar aðgerðir verða auknar. Reynt verður að virkja starfskrafta þessa fólks enn frekar til að efla umræðuna og móta innra gæðamat skólans.
- Foreldrafundum verður breytt og sk. þjóðfundir verða í sem flestum árgöngum með þátttöku foreldra og nemenda.

Leiðsögn og fræðsla til foreldra verður aukin.

- Ráðinn sérstakur foreldrafulltrúi sem heldur utan um foreldrafræðslu og þróun foreldrastarfs í skólanum. Viðkomandi er ætlað að vinna með og móta með foreldrum starf einstakra ágangsráða og styðja við starf foreldrafélagsins í heild.
- Viðkomandi foreldrafulltrúi mun jafnframt taka þátt í nýjum áherslum skólans tengt uppeldisráðgjöf til foreldra.
- Fagaðilar skólans munu bjóða foreldrum upp á ráðgjafatíma tengt uppeldi og kennslu í samráði og undir verkstjórn tengiliða skólans.

- Stefnnt er á endurútgáfu og endurgerð á foreldrafræðslubæklingnum „Engill úr paradís.“ Jafnframt er horft til þess að auka við fræðslu- og uppeldisráðgjöf að hálfu fagaðila skólans tengt stoðþjónustunni.

Starfsskipulag :

- Stefnustýring er sett á ráðningar nýrra starfsmanna sem tekur mið af áherslum skólans í þessu verkefni.
- Starfsskipulag verður endurhugsað miða við nýjar áherslur. Þetta varðar uppröðun, húsnæði, fjölda starfsmanna og skiptingu, kennslufræðilegar áherslur á ólíkum aldurstigum o.m.fl.
- Nýtt samstarfsrými og opin vinnuaðstaða fyrir starfsfólk opnað á þriðju hæðinni. Ný aðstaða styrkir og styður við samvinnuskipulag og virka teymisvinnu þar sem allar starfsstéttir skólans eiga möguleika a að láta ljós sitt skína. Í þessu sambandi má benda á breyttar áherslur hvað varðar störf skóliða, stuðningsfulltrúa og fagaðila. (Sbr. þrepaskiptingu stoðþjónustu og myndlíkingu um síðuspik á kerfinu).

Stefna:

- Áhersla á að allir starfsmenn íhugi starfskenningu sína og gildi skólans. Tekið verður upp formlegt samstarf við aðrar skólastofnanir um sk. Sprotastarf sem m.a. býður upp á starfsmanna skipti, skuggavinnu, aukna ráðgjöf og sameiginlega fræðslu.
- Inngilding er lykilþáttur í allri kennsluaðlögun.
- Aukin kraftur settur í fræðslu um uppeldisstefnu skólans og beintengingu við stefnu, starfshætti og skipulag. (Sbr. er þetta besta leiðin eða eru aðrar lausnir/leiðir í boði sbr. tengingu við hugmyndina um persónubundið ferðaskipulag).
- Skipað verður þróunarteymi sem mun leita eftir áhugaverðu samstarfi við aðila bæði hér heima og erlendis. Vinnan beinist að því að virkja þátttöku fólks „á gólfinu.“
- Heilsuefling verður einn af grunnþáttum starfsins. Áfram lögð mikil áhersla á góða líðan nemenda og starfsfólks. Markvisst er fylgt eftir úrbótum sbr. niðurstöður gæðamats. (SVÓT könnun, starfsmannakönnun Gallup o.fl.).
- Ný skólanámskrá mun líta dagsins ljós á þessu starfsári og mun skólanámskráin taka nokkrum breytingum frá því sem áður var. Sérstakt teymi mun leiða þessa vinnu í samstarfi við skólastjórn.

- Aukin áhersla er lögð á framkvæmd og þróun innra gæðamats. Áfram verður haldið með rafrænar kannanir fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra í samstarfi við Skólapúlsinn, Íslenskar Æskulýðsrannsóknir, Matsferil o.s.frv. Skólastjórn mun jafnframt fylgja einstökum verkþáttum eftir með gæðamatsverkþáttum sem tengjast sóknarþáttunum fimm sem hér er rætt um þ.e. (1) Foreldrastarf, (2) skipulag, (3) stefnu, (4) samþættingu frístundar og skóla, (5) fagmennsku.

Frístund og skóli:

- Stefnt er að auknu samstarfi milli frístundar og skóla. Meðal annars mun deildarstjóri frístundar starfa sem fagaðili í stoðþjónustu við 1. bekk og sem virkur hlekkur í viðkomandi árgangsteymi.
- Skólabúðir fyrir 1. bekk verða í nánú samstarfi við starf frístundar skólans. Áherslur verða samræmdar þannig að starfseiningarnar mynda samræmda heild.
- Áhersla er lögð á gæði frístundastarfs og samþættingu frístundar og skóla.

Fagmennska:

- Haustið 2024 hófst mótun og framkvæmd þess hluta sem kallaður hefur verið Flug „Flugáætlun“ og er markviss vinna við innleiðingu á þriðja og síðasta hluta verkefnisins (Heillaspor – Opni skólinn).
- Kennsluleiðsögn við kennara og aðra starfsmenn verður aukin samhliða innleiðingu á nýjum starfsháttum og skipulagi.
- Áhersla er lögð á að þróa innra gæðamat og taka virkan þátt í þróun ytra mats yfirvalda.
- Áhersla lögð á að sem flestir starfsmenn taki virkan þátt í öflugu þróunarstarfi. Sérstakar kveikjur verða myndaðar til að efla þróunarstarf í öllum eindum/tvenndum/þrenndum.
- Virk starfsþróun. Skipulagðar verða bæði fræðslufyrirlestrar og málstofur fyrir skólasamfélagið er tengist innleiðingu þessa verkefnis (sbr. millilendingar). Umrædd fræðsla getur miðast við ákveðna starfsmenn, teymi, aldurstig eða skólann í heild. Hvert erindi tengist niðurstöðum innra gæðamats um hvað gengur vel í starfinu og hvað við getum gert betur.
- Ráðnir verða sk. „flugstjórar“ sem eru utanaðkomandi sérfræðingar í kennslu eða uppeldisfræði. Viðkomandi aðilar munu veita skólastjórn og teyimum ráðgjöf í innleiðingu og

við framkvæmd verkefnisins. Flugstjórar munu jafnframt koma að gæðamati skólans hvað varðar einstaka verkþætti eða verkefnið í heild.

- Hver skipulagsdagur á árinu verður lagður undir ákveðnar áherslur. Í flugáætluninni er þetta kallaðar „millilendingar.“ Hér er enn vísað til líkindamáls en á skipulagsdögum munu starfsmenn koma saman (taka vistir, fræðslu o.s.frv.) og meta saman hvar við erum stödd miðað við setta stefnu. Vistir verða metnar eftir því sem verkefninu vindur fram.
- Í lok tímabils (2026) er gert ráð fyrir fyrsta uppgjöri. Þá ætlum við að gefa okkur stund til að endurmeta stöðuna og árangur. (momentum – hús, tæki, aðstæður, starf, árangur, tækifæri).
- Mikilvægt er að undirbúa hvernig árangur starfs verður metinn sbr. áherslur um innra gæðamat. Sérstök áhersla er lögð á gæðamat tengt Opna skólanum í þessum áfanga.
- Sprotasjóður veitti verkefninu fyrst styrk í öðrum hluta (Flugtak) áið 2024 og endurtók styrkveitingu tengt lokaþættinum 2025 (Flug).

Upphaf verkefnisins „Heillaspor – Opni skólinn“ snérist um að taka ný og mikilvæg skref til framtíðar hvað varðaði enduruppbyggingu skólans og starfshátta. Ferðinni var skipt í þrjá stóra verkþætti þ.e. Inngang, Flugtak og Flug. Flugðið er í raun framkvæmd þess sem hefur verið mótað í fyrri tveimur verkþáttunum.

Í frægri íþróttalýsingu var eitt sinn sagt: „Hvaðan koma hann... Hvert er hann að fara... Hver er hann?“ Þetta á kannski vel við þá vegferð sem hér á undan hefur verið rakin. Í upphafi fórum við í rætur og gildi okkar sem skóla. Hvernig skóla viljum við eiga og hvernig kennarar viljum við vera. Allt samfélagið er að breytast með miklum tækniframförum og öðrum samfélagsbreytingum tengt uppeldi og fjölskyldugerðum. Öll þessi vinna miðar jafnframt að því að horfa til framtíðar og hugsa um hvert skólastarfið er að fara.

Í inngangshluta og flugtakshluta var sáð fræjum sem vonandi taka vöxt og blómstra í því sem við köllum flugþátt og mótast í starfsháttum og nýjum skóla sem útfærð flugáætlun, það er nýjum Grundaskóla.


Þrepaskipting stoðþjónustu Grundaskóla

Gott er að skoða skýringarmynd um þrepaskiptingu stoðþjónustunnar og hvernig einstakar starfsstéttir innan skólans koma inn. Allir starfsmenn Grundaskóla hafa hlutverk í því að styðja við

nemendur og til þess að starfskraftar okkar nýtist sem best er mikilvægt að allir séu meðvitaðir um fyrirkomulagið. Einnig er mikilvægt að skilgreina skipulag stoðþjónustunnar.

Of oft er óljóst á hvaða stigi inngrip er skipulagt og stundum eru öll stigin í gangi í einu eða að fagaðilum sem öðrum er ekki ljóst á hvaða stigi þeir starfa með nemendum. Þetta ástand kallar á stöðu þar sem markmið vinnu veðra óljós og mikilvægur starfstími nýtist illa. Þessi staða gerir einnig illkleift að móta einhverja árangurs- eða gæðamatskvarða. Skólastjórnendur vona að með skilgreindri þrepaskiptingu starfs sem samræmist stefnu skólans gangi okkur betur að halda utan um hvar mál eru stödd, samræma starfsaðferðir og nýta betur þær lausnaleyðir sem eru í boði. Á hverju stigi er horft til starfshátta og markmiða starfsaðferða í anda Opna skólans.

Heildarskipulag Grundaskóla sést hér á þessari skýringarmynd:



(Mynd 2 - SAS)

Stoðþjónustu Grundaskóla er skipt í þrjú þrep. Fyrsta þrep er almennur stuðningur undir verkstjórn umsjónarkennara í hverjum árgangi. Oft vill gleymast að með markvissri vinnu og skapandi kennsluháttum má mæta mörgum af þeim verkefnum sem annars kalla á aðkomu stoðþjónustuaðila. Annað þrep er markviss ígrundun en á því stigi bætast inn stuðningsfulltrúar og fagaðilar. Hér fyrir neðan er farið nánar yfir stigskiptinguna en athygli er vakin á að tímamörk geta haft áhrif á milli stiga. Til að mynda er ekki gert ráð fyrir, eins og áður, að stuðningsaðili fylgi barni á 1. þrepi án skilgreindra markmiða og regluleg endurmats. Á fyrstu tveimur þrepunum eiga einnig allflest mál að leysast eða fá afgreiðslu. Þriðja stigið, sérhæfð íhlutun, er þrep ætlað alvarlegustu og erfiðustu málunum sem skólinn kemur að í samstarfi við félagsþjónustu og aðra aðila er tengjast viðkomandi máli.

Þrepaskipting stoðþjónustu Grundaskóla ásamt skýringum:

1. Þrep – Almennur stuðningur

► Hver fær stuðning: Allir nemendur.

► Markmið: Tryggja gæði kennslu og stuðning innan almenns skólastarfs með því að nota fjölbreytta kennsluhætti sem henta öllum. Hugmyndin er persónubundið ferðaskipulag.

► Aðgerðir:

- Sveigjanleg kennsla sem mætir mismunandi námsstílum.
- Beiting skimunarprófa/námsmats til að greina námsörðugleika snemma og finna lausnarleiðir í umhverfinu. Hindranir liggja ekki hjá hverjum nemanda heldur umhverfinu.
- Félags- og tilfinningalegur stuðningur fyrir alla nemendur.
- Samvinna kennara og sérfræðinga um að laga kennslu að þörfum nemenda.
- Áhersla á markvissa teymisvinnu á starfssvæðum sbr. eind, tvenndir og þrenndir.

► **Fyrir alla nemendur**

- Almenn kennsla í bekk með fjölbreyttum kennsluaðferðum til að mæta mismunandi námsþörfum.
- Sveigjanleg nálgun í kennslu og námsumhverfi til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp.
- Beiting skimana og matstækja til að greina þörf fyrir frekari stuðning og finna skapandi lausnir á forsendum hvers nemanda. Að uppeldisstefna skólans sé grunnþáttur.
- Kennsluráðgjöf t.d. við nýliða og eftir verkefnum
- Teymisáherslur og öflugt umsjónarkennarakerfi

► **Dæmi**:

- Skólinn reyni að nota fjölbreytta kennsluhætti til að mæta öllum nemendum án aðgreiningar. Dæmi um þetta geta verið áherslur tengt breyttum kennsluháttum og námskeið Opna skólans, nýting á Betri stofum o.s.frv.
- Snemmtæk íhlutun með t.d. umframmönnun í 1. bekk o.s.frv.

- Stundum er viðbótarkennari settur inn í árgang eða aldurstig til að styðja alla nemendur jafnt. Virk vinna á opnum kennsluvæðum þar sem árgangavinna og stoðþjónusta sameinar krafta sína sbr. áherslur Opna skólans.
- Tölvutækni/snjalltæki/kennsluforrit eða kennslubúnaður er notuð í kennslu til að auðvelda nemendum með að fylgja námsefni.
- Áhersla lögð á almenna foreldrafræðslu
- Almennt forvarnar og fræðslustarf sbr. sérstaka bekkjartíma (bekkjarsáttmálinn) á stundaskrá allra bekkja.
- Tengslakannanir, samskipta- og félagsfærni námskeið fyrir allan árganginn. Bekkjarfundir, stefnan uppeldi til ábyrgðar, forvarnaráætlun o.m.fl.

2. Þrep – Markviss íhlutun

► Hver fær stuðning: Nemendur sem sýna vísbendingar um náms- eða hegðunarvanda.

► Markmið: Veita viðbótaraðstoð í gegnum sértæk úrræði, án þess að taka nemandann úr almennri kennslu nema nauðsyn krefji. Áhersla á að vinna með hópá og skilgreind markmið sbr. styrkleika hvers og eins. Hvar liggja sóknarfærin sbr. ferðaskipulag hvers og eins í gegnum skólakerfið.

► Aðgerðir:

- Litlir námshópar þar sem nemendur fá aukalega þjálfun í grunnfögum (t.d. sérkennari kennir lestraraðferðir í litlum hópum).
- Sérhæfð námsaðlögun fyrir ákveðna nemendur sbr. áherslur Opna skólans.
- Skilgreind inngrip í hegðunarstuðningi (t.d. félagsfærniþjálfun, leiðsögn í hegðunarmótun) sem getur verið afrakstur bekkja-, árganganámskeiða og greiningarvinnu á 1. stigi.
- Teymisvinna milli kennara, námsráðgjafa og annarra sérfræðinga.

► **Fyrir nemendur sem þurfa aukinn stuðning**

- Sérkennari eða viðbótarkennari veitir aukinn stuðning innan bekkjar eða utan hans í takmarkaðan tíma.
- Litlir kennsluhópar með sérstökum kennsluaðferðum fyrir nemendur sem þurfa viðbótar aðstoð í t.d. lestri eða stærðfræði.
- Nemendur fá einstaklingsmiðaða aðstoð innan bekkjar eða utan hans í takmarkaðan tíma.

- Markviss ráðgjöf og fræðsla til foreldra varðandi uppeldismál.
- Stuðst við skilgreind markmið og árangursmælingar sbr. gæðamat innra skipulags.

► **Dæmi:**

- Tengiliður skoðar skráningu á grænablaðið tengt vinnu í 1. þrepi og fylgir vegvísi varðandi næstu skref í samráði við umsjónarkennara.
- Sumir kennarar skipuleggja sérkennslu þannig að nemendur fá handleiðslu frá sérkennara í stað þess að vera teknir út úr bekknum.
- Sérkennari/ráðgjafi/fagaðili vinnur með nemendum í litlum hópum eða veitir ráðgjöf til kennara um námsefni og kennsluaðferðir. Miðað er við ákveðin markmið og í takmarkaðan tíma. Áhersla á að nemendur velji sér námsleið en séu ekki skikkaðir í vinnu af því að þeir geta ekki eitthvað.
- Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendahóp miðað við ákveðin markmið og í takmarkaðan tíma.
- Viðtöl og ráðgjöf við nemendur varðandi úrlausnir á námsvanda.
- Námskeið Opna skólans þar sem leitað er skapandi leiða til að styðja við námsframvindu hóps en ekki bara einstaklinga.
- Betri stofur og opin kennslusvæði eru nýtt fyrir hópa nemenda sem þurfa sérhæfðari stuðning í ákveðnum námsgreinum eða skólaverkefnum. Þetta varðar bæði getu meiri og getu minni nemendur. Nemendur virkir í vali á námsleið en ekki sendir út af því að þeir geta ekki eitthvað.
- Umsjónarkennari eða fagaðili fær aukna kennsluráðgjöf í námsgrein eða með sérúrræði/lausn.
- Markviss teymisviðtöl við foreldra og forráðamenn/nemendur.

3. Þrep – Sérhæfð íhlutun

► Hver fær stuðning: Nemendur með alvarlega námsörðugleika eða fötlun sem þurfa mjög einstaklingsmiðaða aðstoð.

► Markmið: Veita einstaklingsmiðaðan stuðning sem oft felur í sér samvinnu við sérfræðinga utan skólans.

► Aðgerðir:

- Persónubundnar einstaklingsnámskrár (PIPP – Personal Individualized Program Plans) sbr. hugmyndina um ferðaskipulag.
- Sérkennsla í sérútbúnum kennsluaðstæðum með skólafélögum eða aðgreindum kennslustundum.
- Stoðteymi sem inniheldur mögulega fagaðila s.s. sérkennara, þroskaþjálfara, námsráðgjafa, tómstund- og frístundafræðinga, iðjuþjálfara eða sálfræðinga.
- Notkun hjálpartækja (t.d. raddbreytitækni fyrir nemendur með lestrarörðugleika, gervigreindarforrit o.fl.).
- Samvinna við heilbrigðisstarfsfólk og félagsþjónustu þegar við á (sbr. farsældarvinnu).

► Fyrir nemendur með miklar sérþarfir

- Persónubundnar einstaklingsnámskrár (PIPP) eru útbúnar fyrir nemendur með varanlega námsörðugleika eða fötlun.
- Sérkennsluteymi og sérfræðingar (t.d. þroskaþjálfarar, sálfræðingar) vinna með nemendum, kennurum og foreldrum.
- Nemendur geta verið í sérhæfðum námsaðstæðum með skólafélögum eða öðrum aðgreindum úrræðum innan eða utan skólans.

► Dæmi:

- Í sumum skólum eru aðgreind sérúrræði, þar sem nemendur fá sérkennslu utan almenns bekkjar. Þetta getur einnig verið sérrými fyrir minni hóp skólafélaga.
- Stuðningsfulltrúar fylgja einstaklingum eða hópi yfir lengri tíma.
- Persónubundnar einstaklingsnámskrár eru útfærðar – þær ættu að sýna sem best stöðu og framvindu nemenda. (sbr. ferðaáætlun viðkomandi).
- Samvinna við sérfræðinga utan skólans (t.d. sérfræðinga skólaþjónustu) er markviss og samræmd sbr. vinnu tengiliða.
- Samþætt og sér útbúnar námsáætlanir sem taka mið af persónubundnum einstaklingsþörfum innan eða utan námshóps.

Innleiðing:

Á skipulagsdögum í ágúst munu allir starfsmenn vinna saman að hópverkefnum þar sem raunveruleg dæmi úr skólanum eru krufin með hliðsjón af settri stefnu og fyrrgreindri þrepaskiptingu. Mikilvægt er að horfa til skapandi lausna og enn og aftur er minnt á að skólaganga hvers barns er ferðalag.

Ferðaskipulag okkar (kennslulausnir) hefur mikil á hrif hvernig það ferðalag gengur. Hver nemandi hefur sínar áskoranir en hið sama má segja um skólann. Grundaskóli hefur líkt og allir skólar sínar áskoranir í starfsumhverfi sem við svífum í sem starfsheild og þess vegna hugum við markvisst að því flugi með að skapa okkar eigin flugáætlun.

Dæmi um áskoranir í skólastarfi sem við reynum að mæta:

- **Stefnumótun:** Grundaskóli er að byggja upp sameiginlega stefnu um stoðþjónustu með aðkomu allra starfsstétta innan skólans og fulltrúa úr skólasamfélaginu. Þessi vinna er komin vel á veg sbr. það sem rakið er hér á undan.
- **Ánægja með teymisvinnu:** Starfsfólk Grundaskóla hefur markvisst unnið með gildi teymisvinnu og starfshætti sem styrkja slíkt samvinnuskipulag á liðnum árum. Almenn ánægja mælist með þessi vinnubrögð og við reynum markvisst að festa þau í sessi.
- **Mikilvægi trausts:** Mikil áhersla er lögð á sbr. flugáætlun skólans að allt starfsfólk vinni saman að þjónustu við ÖLL börn þar sem kennarar og stoðþjónusta vinna þétt saman og móti samfellu í stuðningi við alla nemendur.
- **Skipulag stuðnings:**

Líkt og rakið er hér á undan þá er ekki eitt skipulag heldur samþætt úr mörgum allt eftir því hvað hentar hverju sinni fyrir viðkomandi nemendahóp í eindum/tvenndum/þrenndum. (sbr. „sælir eru þeir sem trúnni blanda“).

- Stundum er sérkennari settur inn í árgang eða aldurstig sem viðbótarkennari.
- Í öðrum tilfellum er stuðningur aðgreindur í námshópa.
- Eða beina ráðgjöf frá fagaðila þar sem nemendur vinna innan eða utan hefðbundins námshóps með stuðningsaðila eða umsjónarkennara í anda Opna skólans.
- Möguleiki er á breyttri hlutverkaskipan í hverju teymi allt eftir aðstæðum.
- Aukin áhersla á skýra markmiðasetningu og endurmat. Sbr. áherslu á altæka hönnun náms, ferðaskipulagi, millilendingum á skipulagsdögum og aðkomu flugumferðarstjóra að gæðamati skólans.

- **Samræmd fjármögnun:** Í Grundaskóla ræðst starfsskipulag ekki eftir greiningum og biðlistar eiga ekki að myndast. Snemmtæk skimun, stuðningur eða markviss íhlutun og forvarnir eiga að tryggja framgang mála innan stoðþjónustunnar. Með því að víkka og efla hlutverk nemendaverndarráðs aukast líkur á samræmdum viðbrögðum á öllum aldurstigum og fjármögnun. Starfsmannastjórnun skólans tekur mið af settri flugáætlun.
- **Persónubundnar námskrár:** Áhersla er lögð á persónubundið ferðaskipulag. Námskrár eiga að taka fyrst mið af viðkomandi nemanda (t.d. áhuga og vilja) og síðar námsstöðu og sett markmið á viðkomandi aldurstigi. Allir geta orðið góðir námsmenn sbr. hugmyndir um að auka #námssnilli.#
- **Foreldrasamstarf:** Áhersla er lögð á markvissa fræðslu og uppeldisráðgjöf til foreldra. Að foreldrar séu virkir þátttakendur í vinnunni. Þetta varðar hvað er í boði, fræðslu um leiðir og lausnir sem og að foreldrar séu ávallt vel meðvitaðir um stöðu námsmats. (sjá sóknarmarkmið).
- **Virkt gæðamat:** Markvisst verði unnið með innra gæðamat tengt stoðþjónustunni. Eru námskeið t.d. Opna skólans að skila árangri og hverju má breyta og bæta í því ferli. Öll úrræði séu í sífelldri skoðun með það markmiði að gera betur.
- **Nemendalýðræði:** Virkja betur þann kraft og þau sjónarhorn sem nemendur hafa á lausnaleiðir. Nemendur verða að vera virkir þátttakendur í mótun ferðaskipulagsins í gegnum skólakerfið. Jafnframt verður Opni skólinn kynntur og ræddur á málþingum nemenda. Þjóðfundafyrirkomulag á haustfundum gefur tækifæri til markvissra umræðna með nemendum og foreldrum.
- **Sköpun og þróunarstarf í kennslu:** Mikilvægt að leggja aukna áherslu á þróun kennsluhátta og skapandi lausnir í skólastarfi. Þetta getur tengst teymiskennslu, nýtingu tækinnar og bættri samvinnu aðila innan skólasamfélagsins. Í samræmi við þetta verður mikil áhersla lögð á markvissa endurmenntun starfsfólks á námskeið og starfstíma sbr. millilendingar í flugáætlun skólans. Einnig verða ráðnir tveir ráðgjafar til að leiða m.a. þróunarstarf í starfseiningum skólans.

Ágúst 2025

Sigurður Arnar Sigurðsson

Skólastjóri.